



## Stofnframlög Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri

Haustið 2020 komu forsvarsmenn Lýðskólans á Flateyri að máli við sveitarfélagið og óskaði stuðnings í formi yfirlýsingar til uppbyggingar nemendagarða við skólann, svo og fjárstyrks. Bæjarráð tók beiðnina fyrir og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu bæjarstjóra um að stuðningur yrði í formi niðurfellingar gatnagerðargjalda og vinnuframlags byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar í byggingarnefnd nemendagarðanna.

Málið var tekið fyrir á 463. fundi bæjarstjórnar, þann 15. október 2020, þar sem eftirfarandi var bókað:

*Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans, lagði fram eftirfarandi bókun: „Undirritaður bæjarfulltrúi telur að uppbygging á nemendagörðum á Flateyri sé metnaðarfullt og gott verkefni. Það vantar gögn um hversu mikla fjárhæð sveitarfélagið er tilbúið að leggja til verkefnisins. Betur færi á að aðkoma bæjarins væri skýrari svo bæjarfulltrúar séu meðvitaðir um hversu mikið væri verið að kosta til og þá gæti stjórn Nemendagarða á Flateyri einnig áttað sig betur á hvað bærinn er tilbúinn að leggja til verkefnisins. Arna Lára Jónsdóttir.“*

*Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks lögðu fram eftirfarandi bókun: „Hér er að mestu verið að ræða um að gefa eftir gjöld sem bærinn myndi innheimta af framkvæmdinni. Eftirgjöfin verður meiri eftir því sem að framkvæmdin er stærri. Framlag Ísafjarðarbæjar verður nettó alltaf það sama þ.e. að tekjurnar verða engar af leyfisgjöldum“.*

Forseti bar tillöguna upp til atkvæða. Tillagan samþykkt 6-0. Arna Lára Jónsdóttir, Sigurður Hreinsson og Þórir Guðmundsson sátu hjá við atkvæðagreiðslu.

Í byrjun mars árið 2021 barst erindi frá stjórn Nemendagarða Lýðskólans á Flateyri þar sem óskað var eftir að stuðningur Ísafjarðarbæjar yrði í formi 12% stofnframlaga, skv. lögum um almennar íbúðir, en viðræður væru hafnar við HMS um stofnframlög ríkisins. Upphafleg áætlun kvað á um að stofnvirði yrði um 390 m.kr., og að byggja ætti tvö 6 íbúða hús og eitt 14 íbúða hús. Stofnframlag Ísafjarðarbæjar yrði því um 46,8 m.kr.

Málið var tekið fyrir á 1145. fundi bæjarráðs, þann 15. mars 2022, þar bæjarráð tók jákvætt í erindið og fól bæjarstjóra að greina frekar fjárútlát verkefnisins og leggja fyrir bæjarstjórn. Í kjölfarið var umsókn Nemendagarðanna uppfærð og var stofnvirði metið um 370 m.kr. og stofnframlag sveitarfélagsins því um 44,5 m.kr. Útgreiðsla stofnframlags skiptist í tvennt, helmingur við samþykkt umsóknar hjá HMS og helmingur við lok framkvæmdar.

Málið var tekið fyrir á 474. fundi bæjarstjórnar þann 15. apríl 2021, þar sem samþykkt var tillaga bæjarstjóra um að bæjarstjórn samþykkti umsókn Nemendagarða Lýðskólans

á Flateyri um 12% stofnframlög vegna byggingar nemendagarða, í samræmi við uppfærð umsóknargögn og minnisblað sviðsstjóra. Auk þessa tillaga um að samþykkja viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2021 vegna málsins. Miðað var við ofangreindar fjárhæðir.

Í kjölfar þessa hefur verið unnið frekar að málinu og var umsókn Nemendagarða samþykkt hjá HMS í september 2021.

Nú er málið á þeim stað að Ísafjarðarbær þarf að gera samning við Nemendagarða um skilyrði stofnframlaga, til að geta greitt þau út. Er það í samræmi við lög um almennar íbúðir. Breytingar hafa þó orðið á verkefninu á þann hátt að einungis er um að ræða stofnframlög vegna 14 íbúða húss, en ekki þriggja húsa með 26 íbúðum. Nýtt stofnvirði skv. samþykkttri umsókn hjá HMS er því 236,9 m.kr. og 12% framlag Ísafjarðarbæjar því 28,4 m.kr., helmingur greiddur við undirritun samnings, og helmingur við verklok. Beðið er staðfestingar og nýrra gagna frá HMS og Nemendagörðum vegna breytinganna.

**Lagt er því til við bæjarráð að samþykkja samning um stofnframlag á grundvelli laga nr. 52/2016, um almennar íbúðir til uppbyggingar 14 íbúða hjá Nemendagörðum Lýðskólans hses. á Flateyri.**

Til frekari upplýsinga greiða Nemendagarðar full leyfis- og gatnagerðargjöld af byggingunni, en geta nýtt stofnframlög til greiðslu gjaldanna.

**Þá þarf að gæta þess við fjárhagsáætlunargerð að gera ráð fyrir útgreiðslu stofnframlaga á árinu 2023, að fjárhæð 14,2 m.kr., þar sem fyrri ákvörðun náði til árána 2021 og 2022, en stofnframlag var ekki greitt út á árinu 2021.**

Til frekari skýringar á málinu þá kveða lög um almennar íbúðir á um að bærstjórn hafi val um að samþykkja umsókn um stofnframlag, en sé það gert er skylt að framlagið sé 12% af stofnvirði. Þá hefur sveitarfélagið val um hvort stofnframlag sé greitt út í einu lagi í upphafi, eða helming í upphafi og helming í lok, við öryggisúttekt byggingar.

Jafnframt segir í 14. gr. laganna um almennar íbúðir að sveitarfélög geti sett nánari reglur um meðferð umsókna um stofnframlög og veitingu framlaganna með stoð í lögum þessum og reglugerð ráðherra. Reglur sveitarfélagsins væri því til skýringa á málsmeðferð sveitarfélagsins um stofnframlög og til þess gerð að gæta jafnræðis og gagnsæis um mál af þessu tagi.

**Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til þess hvort setja eigi reglur Ísafjarðarbæjar um stofnframlög.**